¡ALLT ATVINNA

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426 Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

vísir.is

# Stjórnunarstarf - hugbúnaðargerð

**Leiðandi og traust fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða hópstjóra bankalausna**

**Starfssvið**

- Stjórnun og fagleg ábyrgð hugbúnaðarteymis
- Áætlanagerð, greiningarvinna og eftirfylgni verkefna
- Þróun nýrra lausna
- Virk þátttaka í störfum hópsins, "lead by example"

**Áhugavert starf í boði hjá öflugu fyrirtæki**

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Tölvunar-, verkfræði eða sambærileg menntun
- Árangursríkur starfsferill og stjórnunarreynsla úr sambærilegu umhverfi er skilyrði
- Reynsla úr fjármála- eða bankaumhverfi er sérstaklega áhugaverð
- Reynsla af teymisvinnu, leiðtogahæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð þekking á aðferðafræði við hugbúnaðargerð og forritun sem og samþættingu kerfa
- Þekking á AgileScrum, MS SQL, .NET, C#

*Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 578 1145. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

intellecta

*Síðumúla 5, 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*www.intellecta.is*



# Við leitum að framkvæmdastjóra

## Hefur þú áhuga á umhverfis-, heilsu- og öryggismálum?

Alcoa Fjarðaál leitar að öflugum stjórnanda í starf framkvæmdastjóra umhverfis-, heilsu- og öryggismála. Fjarðaál hefur metnaðarfulla stefnu í umhverfis- heilsu- og öryggismálum. Framkvæmdastjóri leiðir um fimmtán manna teymi sem sinnir þessum málaflokkum.
Það er stefna Alcoa að starfa á öruggan og ábyrgan hátt með virðingu fyrir umhverfinu og velferð starfsmanna, viðskiptavina og samfélagsins.
Fjarðaál er öflugt framleiðslu- og iðnaðarfyrirtæki, staðsett í fallegu, fjölskylduvænu umhverfi – umlukið fjöllum og hafi.

**Ábyrgðarsvið:**

- Virk þátttaka í framkvæmd framtíðarsýnar, stefnu og markmiðasetningu fyrirtækisins
- Leiða umhverfis-, heilsu- og öryggismál fyrirtækisins til samræmis við stefnu og framtíðarsýn Alcoa Fjarðaáls og gildandi lög og reglugerðir á Íslandi
- Stuðla að og styðja starfsmenn álversins til ábyrgrar þátttöku og stöðugra umbóta í málefnum sem snerta umhverfi heilsu og öryggi
- Viðhalda þekkingu á lögum og reglugerðum tengdum ábyrgðarmálum sviðsins
- Tryggja tímanlega afhendingu skýrsla og upplýsinga til viðeigandi stofnana samkvæmt gildandi lögum og reglum
- Innleiðing og eftirfylgni með vottuðum umhverfis-, heilsu- og öryggisstjórnunarkerfum
- Vera í nánum tengslum við samfélagið og stjórnvöld um umhverfis-, heilsu- og öryggismál

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðeigandi raunvísinda, náttúruvísinda eða heilbrigðisvísinda
- Stjórnunarreynsla
- Þekking á gildandi lögum og reglum á sviði umhverfismála, vinnuverndar og öryggismála
- Geta til úrvinnslu og greiningar á skrifuðum og tölfræðilegum gögnum
- Þekking á hugmyndum um sjálfbæra þróun

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.**

**Áhugasamir eru hvattir til að afla frekari upplýsinga hjá Elínu Jónsdóttur í mannauðsteymi Fjarðaáls, í gegnum netfangið elin.jonsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700.**

**Skriflegum umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á alcoa.is og er umsóknarfrestur til 20. febrúar 2011.**

Hraun 1 · 730 Reyðarfjörður · Sími 470 7700

Alcoa Fjarðaál
www.alcoa.is

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 53523 02/11

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Móttökuritari | Mannvirkjastofnun | Reykjavík | 201102/010 |
| Lögfræðingur | Mannvirkjastofnun | Reykjavík | 201102/009 |
| Framkvæmdastjóri hjúkrunar | St. Jósefsspítali, Sólvangur | Hafnarfjörður | 201102/008 |
| Lögfræðingur | Sjávarútvegs- og landbúnaðarr. | Reykjavík | 201102/007 |
| Forstöðumaður | HÍ, fræðasetur á N-landi vestra | Skagaströnd | 201102/006 |
| Meistara- og doktorsnemar | HÍ, líf- og umhverfisvísindadeild | Reykjavík | 201102/005 |
| Tæknimaður | Kennslumiðstöð Háskóla Íslands | Reykjavík | 201102/004 |
| Lektor | HÍ, lyfjafræðideild | Reykjavík | 201102/003 |
| Þroskaþjálfi | LSH, stjórn hæfingar | Reykjavík | 201102/002 |
| Læknaritari | LSH, miðstöð um sjúkraskrárr. | Reykjavík | 201102/001 |
| Verkefnisstj. AVS rannsóknasjóðs | Sjávarútvegs- og landbúnaðarr. | Sauðárkrókur | 201101/063 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201101/062 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

happ
Healthy and Pure Products

## HAPP - vantar fólk

Happ auglýsir eftir matreiðslumanni, aðstoðarmanni og fólki í þjónustu til starfa. Verkefnið er að taka þátt í því með okkur að stuðla að heilbrigði þjóðarinnar.

Við rekum metnaðarfullt eldhús og veitingastað á Höfðatorgi og erum að opna nýjan veitingastað í Austurstræti. Þá ætlum við að opna safabar á Höfðatorgi. Við útbúum einnig matarpakka sem dugar fólki allan daginn, fullir af hollum og ljúffengum mat. Einnig miðlum við þekkingu með námskeiðum og fræðsluefni. Á bak við HaPP er sterk hugmyndafræði sem knýr okkur áfram og gerir matinn einstakan.

Helstu verkefni matreiðslumanns

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á heilbrigði og hollustu. Við kunnum vel að meta þá sem eru hugmyndaríkir og vilja gera hlutina aðeins öðruvísi. Ef þú ert samstarfsfús og viljugur til verka þá eru það góðir kostir. Við leitum að aðila sem mun hafa yfirumsjón með starfsmannahaldi eldhússins, aðstoð við gerð matseðla, matreiðslu, ábyrgð á hráefni og samskipti við birgja og innkaup. Þá leitum við að öflugum aðstoðarmanni og fólki í þjónustustörf.

Áhugasamir sendi ferilskrá á happ@happ.is

HaPP HEFUR ÞAÐ METNAÐARFULLA MARKMIÐ AÐ STUÐLA AÐ AUKNU HEILBRIGÐI ÍSLENDINGA.

# Forstöðumaður upplýsingatæknimála

Byr hf. auglýsir lausa til umsóknar stöðu forstöðumanns upplýsingatæknimála

Við leitum að öflugum og fjölhæfum einstaklingi sem vill vinna með okkur að því að gera Byr hf. að enn öflugra fyrirtæki, með gildin okkar að leiðarljósi, **virðing – liðsheild – skilvirkni.**

**Helstu verkefni:**

- Stjórnun og framþróun upplýsingatæknimála Byrs hf.
- Samskipti við þjónustuaðila Byrs í upplýsingatæknimálum.
- Gerð og framkvæmd þjónustusamninga og útboða.
- Eftirlit með kostnaði og yfirferð reikninga.
- Yfirumsjón með áætlanagerð og þróun. á upplýsingatæknikerfum Byrs.
- Leiða skipulagsvinnu í upplýsingatæknimálum innan Byrs.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði verk-, tölvunar- eða tæknifræði.
- Þekking á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja.
- Þekking á tölvukerfum í bankarekstri.
- Reynsla af gagnagrunnsvinnslu æskileg.
- Þjónustulund og jákvæðni.
- Frumkvæði.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
Herdís Pála, framkvæmdastjóri mannauðs og rekstrar, í síma 575-4171 eða netfang herdispp@byr.is

**Umsóknarfrestur er til 14. febrúar.** Umsóknir óskast fylltar út á slóðinni www.byr.is/laus_storf

BYR

# Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra

**565808**
**Fyrirtæki í verslunarrekstri á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða aðstoðarmann framkvæmdastjóra.**

Í starfinu felst þátttaka í áætlanagerð s.s. rekstrar- og greiðsluáætlana, rýrnunarmála og úttekta. Einnig yfirferð birgðamála, birgðastýringa og veltuhraða birgða. Þar að auki hefur viðkomandi umsjón með sölugreiningum, tölvukerfi og vörunúmerum auk annarra tilfallandi starfa.

Leitað er að samviskusömum, skipulögðum og þjónustulunduðum einstaklingi sem á gott með mannleg samskipti. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sambærilegu starfi og góða tölvukunnáttu. Viðskiptafræði eða sambærileg menntun skilyrði. Um 100% starf er að ræða.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITTAR HJÁ VINNA.IS.

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

# HUGMYNDARÍKUR LEIÐTOGI ÓSKAST

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefnin eru afar fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti. Markmið með sameiningu upplýsinga- og vefmála er að efla og bæta faglega upplýsingagjöf til borgarbúa.

**Borgarráð hefur samþykkt að sameina upplýsinga- og vefmál Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg auglýsir því nýtt starf upplýsingastjóra laust til umsóknar.**

**Hlutverk og ábyrgðarsvið**

- Leiðir vinnu við mótun nýrrar upplýsinga- og vefdeildar
- Stýrir deildinni og ber ábyrgð á faglegri upplýsingamiðlun til borgarbúa
- Hefur forystu í undirbúningi að upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar
- Innleiðir nýjungar í upplýsingamiðlun
- Ritstýrir kynningarefni
- Veitir stjórnendum ráðgjöf og kemur fram fyrir hönd borgarinnar í tengslum við almenna upplýsingagjöf

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Frumkvæði, hugmyndaauðgi og forystuhæfileikar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi kostur
- Góð þekking og/eða reynsla af framkvæmd kynningarmála og upplýsingamiðlun nauðsynleg
- Reynsla af störfum við stjórnun og stefnumótun æskileg
- Framúrskarandi hæfni í tjáskiptum í ræðu og riti. Mikil reynsla á sviði textagerðar skilyrði
- Mjög góð tungumálakunnátta, íslenska, enska og Norðurlandamál

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# NÝ TÆKIFÆRI

Rio Tinto Alcan

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Alcan á Íslandi hf. óskar eftir að ráða öfluga liðsmenn á fjármálasvið fyrirtækisins. Um er að ræða áhugaverð og krefjandi störf í alþjóðlegu umhverfi. Annars vegar er um að ræða starf leiðtoga fjárhagsbókhalds sem heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs og hins vegar störf sérfræðinga á fjármálasviði.**

## LEIÐTOGI FJÁRHAGSBÓKHALDS

**Leiðtogi fjárhagsbókhalds stýrir hópi sem sér um bókun og greiðslu reikninga ásamt almennu uppgjöri fyrirtækisins. Um er að ræða afleysingu í 2 – 3 ár.**

**Starfssvið**

- Ábyrgð á mánaðar-, hálfsárs-, og ársuppgjörum
- Ábyrgð á að unnið sé eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- Þátttaka í fjárhagsáætlanagerð og eftirfylgni áætlana
- Greining og túlkun á fjárhagslegum upplýsingum
- Samskipti við endurskoðendur og fjármálafyrirtæki
- Skýrslugerð og framsetning upplýsinga
- Innlend og erlend samskipti

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Viðskiptafræði með áherslu á reikningshald og framhaldsmenntun í endurskoðun æskileg
- A.m.k. 5 ára reynsla af sambærilegu starfi eða störfum við fjármál og reikningshald
- Yfirgripsmikil þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- Haldgóð reynsla af stjórnun
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð greiningarhæfni
- Mjög góð kunnátta í Excel og góð kunnátta á SAP æskileg
- Nákvæm, skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góðir samstarfshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

## SÉRFRÆÐINGAR Á FJÁRMÁLASVIÐI

**Við leitum eftir eintaklingum til starfa með öflugum hópi á fjármálasviði.**

**Starfssvið**

- Áætlanagerð
- Kostnaðarbókhald
- Þátttaka í innleiðingu á SAP og endurskoðun á ferlum
- Greining og túlkun fjárhagsupplýsinga
- Þátttaka í uppgjöri
- Ýmis önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Viðskiptafræði
- A.m.k. fimm ára reynsla af sambærilegu starfi
- Mjög góð þekking/reynsla af fjármálum, endurskoðun og bókhaldi
- Góð greiningarhæfni og færni til að nýta upplýsingakerfi í rekstri
- Jákvætt viðmót og góðir samstarfshæfileikar
- Færni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Mjög góð kunnátta í Excel og góð kunnátta á SAP æskileg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

**Primera Air**

We are a dynamic airline proudly offering high quality, profitable services to the leisure market.

# FLIGHT SUPPORT OFFICER

Primera Air is looking for a team member to join our Flight Operations Department in Kópavogur, Iceland. This is a full time position in Flight Support.

**Areas of responsibility**
The Flight Support Officer is responsible for various pre-planning functions, maintenance of flight planning system and operational procedures along with day to day management of various Flight Operations tasks.

**Personal skills**
- Have good communication and computer skills.
- Be able to work both independently and as part of a team.
- Have the ability to multi task and work in a fast paced, demanding environment.
- Be fluent in both spoken and written English.

**Qualifications**
- Have dispatcher license and/or have completed written commercial pilot exam.

**or**

- University education in engineering or project management and an active interest in aviation, preferably demonstrated by having a pilot license or prior aviation work experience.

To apply, please visit our website www.primeraair.com and fill out an online application form. The application deadline is **15 February 2011**. Should you have additional questions, feel free to contact us. We look forward to receiving your application.

**Primera Air**

Primera Air | Hlíðasmári 12 | 201 Kópavogur | S. 527 6000 | Fax. 527 6001 | primeraair.com

Hugsa sér!

## Tanntæknir eða aðstoðarmanneskja

Óskað er eftir aðstoð á tannlæknastofu á Reykjavíkursvæðinu í 100% starf.

Áhugasamir eru beðnir að senda umsókn á jaxlar@simnet.is

## REYNDUR BÓKARI

óskast ráðinn í u.þ.b. 4 klst/viku. Frjáls vinnutími. DK kerfi á staðnum. Mennta- og starfsskrá í tímaröð ásamt tölvureynslu, meðmælum og launakröfum óskast á starfsumsokn@gmail.com. ALGJÖR trúnaður.

## Hugbúnaðar-snillingur óskast

Mint Solutions vill bæta við sig snillingum í hugbúnaðargerð.

Reynsla í tölvusjón eða gervigreind æskileg.

Ungt félag í miklum vexti, sérstaklega þegar þú kemur.

Vinsamlegast sendið umsóknir á job@mint.is
Umsóknarfrestur er til 14. febrúar 2011.

Nánari upplýsingar fáanlegar á www.mint.is

Mint Solutions er sprotafyrirtæki sem vinnur að þróun á nýju lækningatæki fyrir Evrópu og Bandaríkjamarkað.

mint solutions

# SUMARIÐ ER TÍMINN



## Hótelstjórar

**Óskum eftir að ráða hótelstjóra til starfa á Edduhótelin. Um tímabundin störf er að ræða.**

Hótelstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri hótelsins en í því felst m.a. uppgjör, frágangur bókhalds, starfsmannahald, gæða- og markaðsmál.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum með ríka þjónustulund og tungumálakunnáttu, ásamt reynslu og menntun í hótelrekstri og/eða ferðaþjónustu.

## Matreiðslumenn

**Óskum eftir að ráða matreiðslumenn til sumarstarfa á Edduhótelin.**

Í störfunum felst m.a. yfirumsjón með eldhúsi, innkaupum og meðferð matvæla.

**Umsóknir um störfin sendist á netfangið tryggvi@icehotels.is fyrir 10. febrúar nk.**

hotel edda

www.hoteledda.is

Edduhótelin eru opin yfir sumartímann, frá byrjun júní til loka ágúst. Edduhótelin eru 13 talsins vel staðsett hringinn í kring um landið. Áhersla er lögð á lipra þjónustu og hagstætt verð. Fjöldi herbergja er frá 28 upp í 204. Edduhótelin eru rekin af Flugleiðahótelum ehf. sem reka einnig Icelandair hótelin og Hilton Reykjavík Nordica. Yfir sumartímann starfa 500 manns hjá fyrirtækinu.

TRAUST FYRIRTÆKI • JÁKVÆÐUR STARFSANDI • SAMKEPPNISHÆF LAUN

# ATVINNULAUS HEIMA?

KREFJANDI OG LÍFLEGT STARF
**Eldsmiðjan á Bragagötu**
**100% starf í vaktavinnu**

## VAKTSTJÓRI

- hefur snyrtimennsku í fyrirrúmi
- vinnur vel með öðrum
- er 24 ára eða eldri
- finnst gaman að vinna undir álagi



*Nánari upplýsingar hjá Herwig:*
**atvinna@foodco.is**
*Umsóknir á:*
**http://umsokn.foodco.is**

PIZZURNAR OKKAR ERU BAKAÐAR VIÐ LOGA • STOFNAÐ 1986 • Eldsmiðjan

# Viltu vinna með þeim bestu?

Vegna aukinna verkefna innanlands og erlendis vill Skýrr bæta við sig öflugu starfsfólki sem hefur frumkvæði og metnað til að skara fram úr. Í boði eru spennandi störf hjá traustu fyrirtæki í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólk Skýrr tilheyrir öflugum hópi sérfræðinga í fremstu röð, þar sem liðsandi og samvinna eru í fyrirrúmi.

Hjá Skýrr og dótturfélögum fyrirtækisins vinna um 1.000 manns, sem þjónusta þúsundir viðskiptavina á öllum sviðum upplýsingatækni. Skýrr er 8. stærsta fyrirtæki Norðurlanda á sínu sviði. Starfsfólk Skýrr er magnaður mannskapur, enda landsliðið í upplýsingatækni.

## Forritarar

Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingum í samþættingar- og sérlausnahóp Skýrr. Starfið felst í þróun upplýsingakerfa í Java, .NET, SQL og samþættingu með webMethods, GlassFish, TIBCO, bizTalk og SAP PI. Um er að ræða fjölbreytt hugbúnaðarverkefni eins og samþættingu ólíkra upplýsingakerfa, viðmótsforritun, gagnagrunnsforritun, greiningu, hönnun og prófanir. Viðkomandi þurfa að hafa menntun á sviði tölvunarfræði eða tengdra greina.

## Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingi í viðskiptalausninni Microsoft Dynamics NAV (áður Navision). Starfið felst í ráðgjöf, forritun, innleiðingum, uppfærslum og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins á sviði Microsoft Dynamics NAV og NAV-sérlausnum Skýrr. Starfið krefst mikilla samskipta við viðskiptavini og góð hæfni í samskiptum og þjónustulund er því nauðsynleg. Reynsla í Microsoft Dynamics NAV er nauðsynleg, tengdar Microsoft prófgráður er kostur og háskólagráða í tölvunar-, verk-, eða viðskiptafræðum nauðsyn.

## Kerfisstjóri

Við leitum að kerfisstjóra til að sinna rekstri og þjónustu á kerfisleiguumhverfi og tölvukerfum í hýsingu. Starfið felst í uppsetningu og viðhaldi á búnaði og kerfum, ráðgjöf og samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila. Viðkomandi þarf að hafa haldbæra reynslu og þekkingu á kerfisstjórn í Microsoftumhverfi og reynslu af sambærilegum rekstri. Microsoft-prófgráður og/eða háskólanám æskilegt.

## Viðskiptastjóri

Við leitum að viðskiptastjóra með haldgóða tækniþekkingu, góða framkomu, mikla samskiptahæfni og metnað fyrir hönd fyrirtækisins og viðskiptavina. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á samskiptum og samræmingu aðgerða félagsins við ákveðinn fjölda viðskiptavina, með það fyrir augum að byggja upp náið samstarf á milli fyrirtækjanna. Hann þarf að hafa menntun sem nýtist í starfi og reynslu af beinni sölu á sviði upplýsingatækni eða tengdri starfsemi.

Frekari upplýsingar um þessi störf veitir Ingibjörg Óðinsdóttir, mannauðsstjóri Skýrr (569-5949 eða ingibjorg.odinsdottir@skyrr.is). Eyðublöð fyrir umsóknir er að finna á heimasíðu Skýrr og þar er jafnframt hægt að senda inn ferilskrá. Fullum trúnaði er heitið. Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar.




### Ennisblað
Umsækjandi þarf að búa yfir mikilli framkvæmdafærni, vera með góða rökhugsun og eiga auðvelt með að skipuleggja sig, tjá sig og leysa vandamál viðskiptavina.

### Hvirfilblað
Umsækjandi þarf að vera vinnuglaður og eiga auðvelt með að skynja og bregðast við áreiti, hvort sem það er frá viðskiptavinum eða samstarfsfólki.

### Hnakkablað
Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með að skilja og lesa skriflegar óskir jafnt samstarfsfólks sem viðskiptavina.

### Gagnaugablað
Umsækjandi þarf að hafa gott minni til að viðhalda góðri tæknigreind og hafa yfirsýn á umtalsverðan línufjölda af kóða.

## Skýrr í hnotskurn

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Starfsfólk fyrirtækisins er tæplega 500 talsins og viðskiptavinir fleiri en 7.000.

Skýrr býður atvinnulífinu heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, viðskiptalausna, tölvubúnaðar, þjónustu og hýsingar.

Starfsfólkið er helsta auðlind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt, jafnréttissinnað og tekur tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Starfsfólkið er samhentur hópur sérfræðinga með jákvætt viðmót og liðsandann í öndvegi. Sveigjanlegur vinnutími er í boði og vinnuaðstaðan er nútímaleg, opin og þægileg.

Skýrr rekur tvö frábær mötuneyti sem bjóða úrvalsmat í hádeginu. Fyrsta flokks kaffivélar með sérmöluðum eðalbaunum og sódavatn þykja sjálfsögð lífsgæði.

Félagslíf innan Skýrr er kraftmikið og líflegt. Óvæntar uppákomur eru tíðar. Aðstaða fyrir börn er góð. Pool-borð, pílukast og tölvuleikjahorn til staðar.

Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni.

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

## Landhelgisgæsla Íslands leitar að öflugum stýrimönnum, vélstjórum og hásetum til starfa á varðskipum

Landhelgisgæsla Íslands leitar nú að sveigjanlegum og jákvæðum starfsmönnum til að bætast í starfsmannahóp varðskipanna meðal annars vegna verkefna Landhelgisgæslunnar erlendis. Um er að ræða tímabundin störf með möguleikum á framtíðarstarfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Fullgild viðeigandi réttindi
- Mjög gott vald á íslensku, jafnt í töluðu og rituðu máli
- Gott vald á ensku; gott vald á einu norðurlandamáli er kostur
- Áhugi á starfsvettvangi Landhelgisgæslunnar
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi

Laun greiðast samkvæmt samningi fjármálaráðuneytis og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, ásamt sakavottorði, skal skilað til Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík fyrir 22. febrúar nk.

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Sverrisdóttir starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) og Halldór Nellett framkvæmdastjóri aðgerðasviðs (halldor@lhg.is) í síma 545-2000

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

## Lyftaraviðgerðir

Óskum eftir traustum og góðum viðgerðarmönnum til starfa við lyftaraviðgerðir. Framtíðarstarf

Vinsamlegast sendið umsóknir á afgreiðslu Fréttablaðs eða á box@frett.is - merkt Lyftaraviðgerðir

A&Ö

## Aðstoð & Öryggi auglýsir lausa stöðu!

**Leitað er að** einstaklingi sem er jákvæður, þjónustulundaður, sjálfstæður í vinnubrögðum og með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera menntaður lögreglumaður.

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá á arekstur@arekstur.is

Ráðið verður í stöðuna fljótlega.

100% trúnaður

## Dvalarheimili Aldraðra Suðurnesjum D.S.

Hjúkrunarheimilið Garðvangur Garði / Hjúkrunarheimilið Hlévangur Reykjanesbæ

### Hjúkrunarfræðingar

Okkur vantar áhugasama hjúkrunarfræðinga hið fyrsta, til starfa við öldrunarhjúkrun á **Hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði**, um er að ræða 2 stöður, hvora um sig 70 -80 %. Almennt er unnið á tvískiptum vöktum, ásamt bakvöktum á næturnar. Þetta er vaktavinna, með framtíðarstarf í huga.

Einnig vantar okkur hjúkrunarfræðinga til **sumarafleysinga á bæði hjúkrunarheimili D.S.**

### Sjúkraliðar

Okkur vantar einnig áhugasama sjúkraliða til starfa, í sumaraafleysingum á bæði hjúkrunarheimili D.S., um er að ræða vaktavinnu , og jafnvel með áframhaldandi störf í huga.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði, öllum umsóknum verður svarað. Laun samkvæmt kjarasamningum SFH við bæði aðildarfélögin

Fyrirspurnir og umsóknir ásamt ferilskrá og yfirliti um meðmælendur skulu berast til :
Aðalheiðar Valgeirsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar D.S. Garðbraut 85 250 Garði, eða með tölvupósti á netfangið heida@ds.is

Einnig er bent á deildarstjóra beggja hjúkrunarheimila m.t.t. fyrirspurna:
Helga Hjálmarsdóttir, deildarstjóri Hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði sími er 422 7400 Sveindís Skúladóttir deildarstjóri Hjúkrunarheimilinu Hlévangi Reykjanesbæ sími 421 5700

# ERTU KLÁR Í FRAMTÍÐINA?

Vegna aukinna verkefna leitar Sensa að liðsauka í samhentan og metnaðarfullan hóp þar sem allir eru tilbúnir að leggja mikið á sig, sýna frumkvæði og veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu.

Sensa er stærsti sölu- og þjónustuaðili Cisco samskiptabúnaðar á Íslandi og býður viðskiptavinum sínum upp á úrvals ráðgjöf, þjónustu og búnað er lýtur að netlausnum og IP-samskiptalausnum. Hjá Sensa starfa allir helstu sérfræðingar landsins á þessu sviði og er lögð mikil áhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð.




### Tæknimaður í netkerfum

IP-tæknin er undirstaða viðskiptaumhverfis flestra fyrirtækja í nútímarekstri. Okkur vantar fleiri öfluga einstaklinga í lið með okkur. Umsækjendur þurfa að hafa metnað til þess að tileinka sér nýja hluti og sjá lausnir í stað vandamála. Góð grunnþekking á IP-samskiptum og netbúnaði er æskileg og öll sérþekking og reynsla á þessu sviði er kostur en ekki endilega krafa. Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

### Tæknimaður í IP-símkerfum

Vegna aukinna umsvifa fyrirtækisins á sviði IP-símkerfa vantar sérfræðing strax. Leitað er að aðila með tæknilegan bakgrunn, frumkvæði, metnað og áhuga á að ná langt á þessu skemmtilega og fjölbreytta sviði. Um er að ræða starf í hönnun, innleiðingu og rekstri IP-símkerfa fyrir viðskiptavini okkar bæði innanlands og erlendis. Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

### Umsjónarmaður samninga og innri ferla

Leitum að einstaklingi, sem er haldinn skipulagsáráttu og samviskusemi, til að halda utan um og móta samningsmál og innri ferla fyrirtækisins. Samskiptahæfni er mikilvægur kostur ásamt jákvæðu viðhorfi til síbreytilegs umhverfis.Tæknilegt innsæi er kostur en ekki krafa en reynsla af notkun bókhaldskerfa er æskileg. Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

### Microsoft tæknimaður

Mikið af þeim hugbúnaði sem notaður er í IP-samskiptum tengist Microsoft umhverfinu og því leitum við að einstaklingi með góða þekkingu og reynslu á því sviði. Viðkomandi þarf að hafa hæfileika til að setja sig inn í nýja hluti ásamt því að hafa yfirsýn yfir hina ýmsu möguleika sem samþætting kerfa getur boðið upp á. MCITP-gráða eða annað sambærilegt er mikill kostur. Jákvæðni, góð samskiptafærni og góð enskukunnátta eru skilyrði.

Sensa býður skemmtilegt umhverfi fyrir tæknimenn sem langar að verða sérfræðingar á sínu sviði. Fjölbreytt verkefni bæði innanlands og utan. Tækifæri til að þróast sem einstaklingur með skemmtilegum hópi fólks.

Umsóknir skal senda á starf@sensa.is. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar nk.**

sensa

Klettháls 1 - 110 Reykjavík, Sími 414 1400 - Fax 414 1440,

ENNEMM / SÍA / NM

VR FYRIRTÆKI 2010 · CISCO PARTNER Gold Certified · RSA · TANDBERG · websense

# Er stutt í brosið þitt?

## ... þá áttu heima í okkar liði.

**Sinnum óskar eftir að ráða starfsmann á sjúkrahótelið:**

**HÆGRI HÖND KOKKSINS**

Starfið felst í framreiðslu matar, uppvaski og frágangi. Vinnutími er frá 14.00 alla virka daga og eina til tvær helgar í mánuði.

Óskað er eftir jákvæðu, kraftmiklu og samviskusömu starfsfólki sem getur hafið störf 1. mars nk.

**Nánari upplýsingar á www.sinnum.is**

sinnum

## Auglýsingasími

# 512 5050



Allt sem þú þarft...

## BIRTINGAHÚSIÐ

**Birtingahúsið** er leiðandi fyrirtæki á sviði birtingaráðgjafar og frumkvöðull á sínu sviði hér á landi. Það sinnir markaðsráðgjöf fyrir mörg af þekktustu vörumerkjum landsins, bæði innlend og erlend. Birtingahúsið er skipað snjöllu starfsfólki og hefur ítrekað verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR.

## Birtingaráðgjafi

Vegna aukinna verkefna óskar Birtingahúsið eftir að ráða birtingaráðgjafa. Ef þú hefur brennandi áhuga á markaðsmálum og fjölmiðlum þá fögnum við umsókn frá þér.

### Verkefni ráðgjafa eru m.a.:

- Gerð birtingaáætlana
- Úrvinnsla úr markaðsrannsóknum
- Samskipti við fjölmiðla
- Kostnaðareftirlit

### Ráðgjafi þarf m.a. að búa yfir:

- Góðri samskiptahæfni, frumkvæði og sveigjanleika
- Getu til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Talnagleggni og öguðum vinnubrögðum
- Getu til að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi, af sviði markaðsmála eða félagsvísinda.
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði, og gert ráð fyrir að viðkomandi hafi mjög góða þekkingu á Excel.

